

FJÁRMÁLA EFTIRLITIÐ

Tilvísun: 2008100042

ÁKVÖRÐUN FJÁRMÁLAEFTIRLITSINS

um breytingu á ákvörðun, dags. 14. október 2008

um ráðstöfun eigna og skulda

Glitnis banka hf., kt. 550500-3530, til Nýja Glitnis banka hf., kt. 491008-0160.

Samkvæmt heimild í 100. gr. a. í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. 5. gr. laga nr. 125/2008 um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., tekur Fjármálaeftirlitið eftirfarandi ákvörðun um breytingu á fyrri ákvörðun sinni frá 14. október 2008 um ráðstöfun eigna og skulda Glitnis banka hf.:

FORSENDUR:

Í ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá 14. október sl. var tekið fram að ákvörðunin byggði á fyrilliggjandi upplýsingum og gögnum. Reyndist hún byggð á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik, eða aðrar forsendur ákvörðunarinnar brygðust verulega, gæti Fjármálaeftirlitið gert hvers konar breytingar á ákvörðuninni, þ.m.t. fellt hana úr gildi í heild eða að hluta. Fyrirvari þessi var talinn nauðsynlegur í ljósi þess hve ákvörðunina bar brátt að og vegna þeirra ríku hagsmuna sem fölgjur voru í því að koma í veg fyrir að starfsemi Glitnis banka hf. stöðvaðist þann 14. október 2008.

Í ljósi nýrra upplýsinga og breytrra forsendna sem komið hafa fram við skoðun á málefnum Glitnis banka hf. eru gerðar eftirfarandi breytingar á fyrri ákvörðun:

1. Fyrri málslíður 9. tl. er felldur úr gildi og orðalagi seinni málslíðar er breytt. Hljóðar 9. tl. nú svo í heild sinni: Yfirteknar eru veðskuldir er hvíla á fullnustueignum sem flytjast til Nýja Glitnis banka hf.
2. Ákvæði 11. tl. um frest til að ljúka mati á eignum og skuldum skal breytt þannig að síðasti málslíður hljóði svo: Niðurstæða matsaðila skal liggja fyrir innan 90 daga frá ákvörðun þessari.
3. Í stað viðauka með fyrri ákvörðun kemur viðauki þar sem fjallað er um þær eignir sem ekki eru framseldar til Nýja Glitnis banka hf. Efni hans er svohljóðandi:

Eftirtaldar eignir Glitnis banka hf. verða ekki framseldar til Nýja Glitnis banka hf.:

Eignir

- a. Kröfur á fjármálafyrirtæki þar sem Fjármálaeftirlitið hefur gripið til aðgerða á grundvelli ákvæða 5. gr. nr. 125/2008.
- b. Verðbréf útgefin af fjármálafyrirtækjum þar sem Fjármálaeftirlitið hefur gripið til aðgerða á grundvelli ákvæða 5. gr. 125/2008.
- c. Kröfur og sjóðsstreymi vegna krafna veðsettar öðrum fjármálafyrirtækjum.
- d. Allar eignir erlendra útibúa Glitnis banka hf.
- e. Kröfur Glitnis banka hf. á útibú sín erlendis og dótturfélög.
- f. Eignarhlutir í erlendum dótturfélögum.

- g. Útlán í verulegri tapshættu, skv. nánari útlistun í samantekt með stofnefnahag.
- h. Aðrar eignir sérstaklega tilgreindar í samantekt og sem tekið er tillit til í stofnefnahag hins nýja banka.

Nánari sundurliðun er í stofnefnahagsreikningi og skýringum með honum í sérstakri samantekt.

ÁKVÖRÐUN:

Fjármálaeftirlitið ákveður hér með að taka upp og breyta ákvörðun sinni frá 14. október 2008 um ráðstöfun eigna og skulda Glitnis banka hf. til Nýja Glitnis banka hf. Henni skal breytt til samræmis við þá þrjá töluliði sem að framan greinir. Ákvörðunin frá 14. október 2008 er nú staðfest með áorðnum breytingum sem gildandi ákvörðun um ráðstöfun eigna og skulda.

Ákvörðunin tekur þegar gildi og skal hún vera bindandi í lögskiptum aðila frá 14. október 2008 í samræmi við áorðnar breytingar.


Ákvörðun þessi byggir á fyrilliggjandi upplýsingum og gögnum. Reynist hún byggð á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik, forsendur ákvörðunarinnar bregðast verulega eða Fjármálaeftirlitið telur að önnur skipan mála sé nauðsynleg getur Fjármálaeftirlitið gert hvers konar breytingar á ákvörðun þessari, þ.m.t. að fella hana úr gildi í heild eða að hluta.

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

19. október 2008



Jón Sigurðsson
Formaður stjórnar



Jonas Fr. Jónssón
Forstjóri

FJÁRMÁLA**E**FTIRLITIÐ

VIÐAUKI

með ákvörðun Fjármálaeftirlitsins, dags. 14. október 2008, sbr. breytingu dags. 19. október 2008.

Eftirtaldar eignir Glitnis banka hf. verða ekki framseldar til Nýja Glitnis banka hf.:

Eignir

- a. Kröfur á fjármálafyrirtæki þar sem Fjármálaeftirlitið hefur gripið til aðgerða á grundvelli ákvæða 5. gr. nr. 125/2008.
- b. Verðbréf útgefin af fjármálafyrirtækjum þar sem Fjármálaeftirlitið hefur gripið til aðgerða á grundvelli ákvæða 5. gr. 125/2008.
- c. Kröfur og sjóðsstreymi vegna krafna veðsettar öðrum fjármálafyrirtækjum.
- d. Allar eignir erlendra útibúa Glitnis banka hf.
- e. Kröfur Glitnis banka hf. á útibú sín erlendis og dótturfélög.
- f. Eignarhlutir í erlendum dótturfélögum.
- g. Útlán í verulegri tapshættu, skv. nánari úlistun í samantekt með stofnefnahag.
- h. Aðrar eignir sérstaklega tilgreindar í samantekt og sem tekið er tillit til í stofnefnahag hins nýja banka.

Nánari sundurliðun er í stofnefnahagsreikningi og skýringum með honum í sérstakri samantekt.

